

Nám fyrir geðfatlaða í uppnámi

Baráttufundur vegna stöðunnar

SAMSTARFSVERKEFNI Fjölmennatar og Geðhjálp varðandi menntun og starfsendurhæfingu fyrir geðfatlaða er í uppnámi. Áð sögn Sveins Magnússonar, framkvæmdastjóra Geðhjálp, verður sjálfhætt um áramót fáist ekki næg fjárveiting til verkefnisins og er boðað til baráttufundar um málið á Hallveigarstöðum kl. 16 í dag.

Týndur hópur

Sveinn Magnússon rifjar upp að menntamálaráðuneytið hafi í áratugi rekið svokallaða fullorðinsfræðslu fatlaðra, en frá og með 1. ágúst 2002 hafi sjálfseignarstofnunin Fjölmennat tekid við og verið rekin af Öryrkjabandalagi Íslands og Landsamtökunum Proskahjálpsamkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið til fimm ára. Markmiðið hafi verið að sinna öllum fötluðum en tilfellið hafi verið að geðsjúkir hafi verið týndur hópur. Akveðið hafi verið að Geðhjálp ynni að því að kynna geðsjúkum möguleikana sem þeir hefðu. Samkvæmt könnun sem Helgi Jósefsson hafi gert meðal meðferðarstofnana fyrir geðsjúka hafi 170 einstaklingar get-



Sveinn Magnússon

að þegið þau menntunartilboð sem hafi verið í gangi. Geðhjálp hafi gert samning við Fjölmennat og í því sambandi hafi Geðhjálp boðið aðstöðu fyrir námið í húsi sínu við Túngötu 7, tækjabúnað og aðgengi fólks að húsinu. Á fyrstu önn, vorið 2003, hafi 85 manns útskrifast og 107 á haustönn. 2004 hafi tölurnar verið 130 og 116, 93 og 84 árið 2005 og í ár 78 og 81. Sveinn segir að fækkunin hafi verið vegna þess að fjármagn hafi vantað og þar standi hnífurinn í kúnni.

24 milljónir á ári

Kostnaður vegna verkefnisins fyrir um 100 manns er um 24 milljónir króna á ári. Starfsmenntaráð, Fjölmennat, Geðhjálp og ýmsir velunnarar fjármögnuðu fyrsta starfsárið en ríkissjóður hefur lagt 12 milljónir í það á ári árin 2005 og 2006. Sveinn Magnússon segir að í árslok 2004 hafi ríkisstjórnin falið menntamálaráðherra að tryggja þennan rekstur en það hafi ekki gengið eftir. Námið hafi sannað gildi sitt en ekki verði haldið áfram að óbreyttu.